

## Leið um Gömlubotna að Draugatjörn.

Frá Ármótakvísl liggur leið í Gömlubotna. Er þá stefnt norðan grágrýtishóls sem kallaður er Höfuðleðurshóll og svo hjá Silungapolti norðanverðum þar sem ferðamenn áðu oft. Áfram liggur leiðin að austanverðum pollinum og að brún Hólmskrauns III. Gatan hefur verið hlaðin upp dálítinn spöl í gegnum hraunið þar sem Silungapollurinn liggur alveg að því. Hér á bakka Silungapolls byggði Oddfellowreglan barnaheimili á árunum 1928-1930. Síðar rak Reykjavíkurborg barnaheimili í húsunum og síðast var hér meðferðarheimili SÁÁ á árunum 1979 til 1984 það ár voru húsín rífin. Þegar yfir hraunhaftið er komið er haldið til austurs inn gróið vik í hraunið. Sunnan götunnar er beitarhúsatóft frá Hólmi. Síðan liggur leiðin upp á hraunið (N64°04.712' W021°41.216') á greinilegri götu sem hjólamenn nýta sér gjarnan. Eftir að gengnir hafa verið 170 metrar frá hraunbrúninni liggur framhald götunnar á vinstri hönd (N64°04.641' W021°41.073') þar sem farið er af hjólaslóðinni sem stefnir áfram að Grárhrygg eystri. Gatan er frekar ógreinileg í fyrstu en þegar komið er að eystri brún hraunsins og að norðurenda Grárhryggs eystri er mikið úrkast úr götunni (N64°04.546' W021°40.702'). Sumarhús stendur hér undir brún Grárhryggs. Héðan er ekki hægt að rekja götuna með öryggi í Gömlubotna vegna trjágróðurs og vegalagna en hún hefur líklega legið upp með hraunbrúninni og Botnalæknum sem rennur milli hraunsins og Selhóla úr botnunum.



Á hraunbrúninni litlu sunnar er áberandi hraundrangur, (N64°04.525' W021°40.683') út frá honum hefur verið hlaðið virki þrjú metrar á kannt í brjósthæð. Að sögn eiganda sumarbústaðarins við hraunbrúnina var þarna varðstöð á stríðsárunum því herkampur var undir hraunbrúninni. Er virkið kallað Arnarhreidið. Innar með hraunbrúninni er sumarbústaður, suðaustan við hann eru líklega

tóftir Viðeyjarsels/Bessastaðasels (N64°04.343' W021°40.364')

Í Lækjarbotnum sem síðar var kallað í Gömlubotnum er talið að selstaða fyrir Örfirseyjasel hafi verið um aldir eða þar til byggð lagðist af í eygni eftir hin miklu sjávarflóð 1799 sem kennd voru við Básenda. Síðan er talið að Lækjarbotnabærinn hafi verið byggður á selstöðunni.

Með útvistunargjörð 22.júlí 1865 fékk Þorsteinn Þorsteinsson land til yrkingar er nefnist Lækjarbotnar. 11.febrúar 1868 fékk hann nýbýlisrétt af Lækjarbotnum en 4.október 1866 voru gerð skipti milli Þorsteins og Hallberu Jónsdóttur sem einnig átti heima að Lækjarbotnum, og skyldi Hallbera halda hálfu kotinu að húsum og öðru. Hallbera hafði búið að Hólmi, gift bóndanum þar, en Þorsteinn verið vinnumaður þeirra. 5. ágúst 1886 seldi Þorsteinn, Benedikt sýslumanni Sveinssyni á Elliðavatni, Lækjarbotna alla. Benedikt ætlað nú að krefja Hallberu um leigu fyrir alla Lækjarbotna og stefndi henni fyrir dóm. Í aukarétti Gullbringu og Kjósarsýslu var hún dæmd til að greiða Benedkt eftirgjald fyrir 13 fardagaárin 1870/71 til 1882/83 og greiða 18 krónur í málskostnað. Hallbera áfrýjaði málinu fyrir Yfirdóm. Þar fékk Hallbera eignarétt sinn að ½ Lækjarbotnum staðfestan fyrir dómi og var henni gert að greiða Benedikt hæfilegt eftirgjald af hálfendunni frá fardögum 1870 til fardaga 1883 og málskostnaður látinn falla niður.



Um 1870 hefur Lækjarbotnabærinn verið færður norður fyrir Selhóla að Fossvallaklifi og byggður upp á svokölluðum Túnhól. Líklega hefur ferðamannaleiðin færst um þessar mundir frá Lækjarbotnum í Fossvallaklif. Greiðasala var í Lækjarbotnum enda síðasti mannbústaður á leið að Kolviðarhóli og á miðri leið þangað 15 Km frá Reykjavík.

Árið 1888 brennur bærinn á Lækjarbotnum. Tryggingin er sögð 4000 kr. Sem var stórfé í þá daga. Þá stóðu þar fyrir búi Soffia dóttir Hallberu og sambýlismaður hennar, Sigurbjörn, fyrrum sæluhúsvörður á Kolviðahóli.

Árið 1908 var bærinn fluttur á ný norður fyrir hólinn og byggt þar mikið hús, bær og gistihús sem nefnt var Lögberg. Stóð Guðmundur H. Sigurðsson nýr eigandi Lækjarbotna fyrir því og á sama tíma voru Lækjarbotnar lagðir í eyði.

Í Gömlubotnum var byggður skátaskáli árið 1929 kallaður Væringjaskálinn. Var hann svo rifinn og fluttur á Árbæjarsafn og endurreistur þar árið 1962. Nýr skáli var svo byggður og hefur skátafélagið Garðbúar umsjón með honum (N64°04.286' W021°40.250'). Rétt ofan (suðaustan) við skálann er tóft sem er talin eru Gömlubotnar (N64°04.278' W021°40.195'). Tóftin er hringlaga tvískipt með göngum á milli um níu metrar á annan veginn og rúmlega ellefu á hinn. Vestan við skátaskálann er tóft beitarhúss, mikið nýlegri.

Gatan austur frá Gömlubotnum liggur upp og suður fyrir grunnt gil. Í brún þess austanverðri er hellir (N64°04.270' W021°40.037'). Í helli þessum sem er um 16 fermetra eru hleðslur og bálkur inni. Í hellinum voru útilegumennirnir Margrét Jónsdóttir og Eyvindur Jónsson handsömuð 20. október 1677. Hellirinn hefur líklega verið notaður sem fjárhellir á búskaparárum í Lækjarbotnum. Í Áföngum ferðahandbók hestamanna hafa Þorkell Jóhannesson og Óttar Kjartansson kallað hann Hallberuhelli. En haldið skal áfram og nú hverfur gatan undir girðingu um sumarbústaðarland. Að sögn eiganda sumarbústaðarins fer gatan svo út úr landi hans nokkru ofar en gatan er ekki rekjanleg vegna Lúpínu. Úr því að svona háttar til er best að stefna að suðurhorni sumarbústaðargirðingarinnar og þaðan er stefnt í suðaustur á gamlan bílveg og síðan eftir honum að mikilli vegfyllingu vegar að Waldorfsskólanum sem er litlu nær Selfjalli þar sem heitir Seldalur. Uppi á Selfjalli er grágrýtisklettur mikill sem Klifkista heitir. Þegar yfir veginn er komið er stefnt að girðingu um Lögbergstún. Þar er þrjú yfir girðinguna. En góðar götur liggja suður og austur fyrir túnið. Leiðin liggur út úr túninu skammt ofan við Fossvallarétt/Lögbergsrétt og yfir Suðurlandsveg eitt, tvö og þrjú. Hér er girðing þvert á leið og þarf að fara niður að Fossvallarétt til að komast fyrir girðingarendann ef fólk getur ekki þrjú yfir girðinguna. og síðan milli hóla að stökum hól með litlu vörðubroti í toppi (N64°04.298' W021°37.650') sem er við farveg Syðri-Fossvallaár. Leiðin liggur sunnan við hólinn og að árfarveginum. Á tveim stöðum eru djúp spor mörkuð í klöppina (N64°04.281' W021°37.811') með stuttu millibili og er efra sporið dýpra. Hér er allt þakið í stórgrýti og umbylt eftir vatnsflóð og þræðir leiðin á milli hnallunganna. Stefnt er að Suðurlandsvegi en áður en komið er að honum eru ógreinileg gatnamót til hægrri (N64°04.304' W021°37.658') þarna er leið austur um Sandskeið. Áfram er haldið yfir Suðurlandsveginn sem liggur þvert yfir leiðina og austan við litla vörðu (N64°03.335' W021°37.650') síðan yfir varnargarð sem byggður var til að varna Nyrðri-Fossvallaá sem einnig er nefnd Heiðarbrúnakvísl að renna farveg sinn en nú er hún látin renna fram af heiðarbrúnunum niður á Fossvellina. Samkvæmt örnefnalýsingu fyrir Elliðakot og Vilborgarkot heitir svæðið norðan við ána Fossvallaheiði en aðalheiti heiðarinnar er Elliðakotsheiði. Svo er farið yfir farveginn og er þá komið á götur sem liggja upp frá Fossvallaklifi og þeim fylgt eftir sameiginlegri götu upp með árfarveginum norðanverðum hjá vörðu (N64°04.376' W021°37.423').



Nú er komið að dalsmynni Leirdals sem gengur inn í Elliðakotsheiðina og eru götur inn í dalinn sem er grunnur og víður með leirflag í botni. Höfuðborgargirðingin/Ofabyggðargirðingin rafmögnuð liggur þvert yfir dalkjafinn og þarf að klofa yfir hana. Gatan liggur síðan austan í dalnum stuttan spöl en beygir síðan meira til austurs, er þá varða á hægri hönd (N64°04.409 W021°36.786') og síðan tvær aðrar vörður dálítið austar (N64°04.393 W021°36.504'). Götur liggja einnig upp árbakkann frá dalsmynninu en þar þarf einnig að fara yfir girðinguna áður en göturnar koma saman við vörðurnar tvær. Hæðin norðan við leiðina heitir Vatnahæð. Eru skemmtilegar leiðir þar niður að Elliðakoti eða ganga þar hring um dalvörp. Litlu austar er farið hjá vörðu (N64°04.415 W021°36.214') og svo yfir línuveg Búrfellslínu 3 að árbakkanum. Þar er hægt að komast yfir farveg Nyrðri-Fossvallaárinnar (N64°04.356' W021°35.316') og yfir á vellina við Fóelluvötn (Vatnavelli/Vötn). Ekki er hægt að komast yfir farveginn á löngum köflum vegna stórgrýtis í botni hans. Ef mikið vatn er í farveginum verður að halda inn hækandi brúnir og fara svo niður á vellina Vatnavelli/Fóelluvötn/Vötnin hjá Stangarhóli. Varúðar er þörf á svæðinu vegna gjáa, hola og djúpra vatnsfarvega.

Upp úr Völlunum rís Vatnaás sem skiptir Vötnunum í Efri-vötn ofan við ásinn (austan) og Neðri-vötn neðan við ásinn (vestan). Engidalsá breytir um nafn við Lyklafell og kallast nú Lyklafellsá og rennur suður um Efri-vötn og suður fyrir Vatnaásinn að Suðurlandsvegi og síðan norður um Neðri-vötnin að Heiðarbrúnum og saman við uppsprettur þar og kallast eftir það Nyrðri Fossvallaá eða Heiðarbrúnarkvísl. Leið okkar liggur um slakkann sem verður á milli Vatnaáss og Eystri-Vatnaáss sem er heiðarbrúnin þar sem hún sveigir til norðausturs. Rétt austan við götuna undir lágum ás kúrir Guðrúnartóft (N64°04. 407' W021°34. 376'). Þarna ætluðu Guðmundur Guðmundsson og kona hans Guðrún Hákonardóttir á Lágafelli í Mosfellssveit að stofna nýbýli og sóttu um það 1822 en var hafnað um leyfið. Var þarna haft í seli í nokkur sumur og hefur Guðrún líkleg verið selráðskona. Ölfusingar kvörtuðu undan þeim við Sýslumann Gullbringusýslu og sögðu þau t.d.reka hross þeirra vestur af afréttinum (Sjá nánar í Árbók FÍ 2019 bls.59-60). Litlu norðar er Stakur hóll með vörðu í toppi sem kallast Stangarhóll. Sunnan undan honum er Nautapollur sem er hornmark á milli Mosfellsbæjar og Kópavogs.



Við Fóelluvötn var áningarstaður og náttstaður margra sem fóru hér um og eru til sögur af þeim t.d. Ólafi ráðsmanni í Skálholti sem líklega hefur farið Dyraveg (Sjá nánar í Árbók FÍ 2019 bls.110). Margar leiðir liggja síðan upp af völlum í allar áttir en við fetum okkur í austur upp Vatnaöldur á götu (N64°04.04' W021°32.09') og síðan upp á öldu sem er efst Vatnaaldanna en er líka kölluð neðsta Bolaalda. Eftir það tekur hraunstraumur úr Svínahraun við og er nú stefnt að vörðu á suðurenda á hraunhrygg (N64°04.057' W021°30.652') og erum við þá á Miðöldu/Sýsluöldu. Héðan er stefnt yfir óbrynnishólma að vegi sem lagður var vegna lagningar heitavatnslagnar frá Hellisheiðarvíkjun til Reykjavíkur en hann liggur ofan á gömlu leiðinni á kafla. Nú er hraunbrún framundan en undir henni er Efri/efsta Bolaaldan og er stefnt á smá skarð í hraunbrúnina (N64°03.918 W21°29.584'). Hraunið er hér slétt á milli úfnari strauma. Gengið er hjá vörðu á vinstri hönd og að forni vörðu á skjaldarlaga hólmi við Suðurlandsveginn gamla sem liggur í átt að Kolviðarhóli. Framundan er hár hraunkantur Svínahraunsbruna/Bruna. Svo þverum við gamla Suðurlandsveginn og komum að rafmagnsgirðingu en sem betur fer er þrjú yfir girðinguna. Hér sameinast leiðin upp frá Vötnunum við leiðina um Sandskeið. Héðan er síðan farið með þéttum vörðum að Draugatjörn eða Kolviðarhóli. Farið er fyrir endann á rafmagnsgirðingunni og síðan eftir bílvegi til norðurs að Draugatjörn eða suðaustur að Kolviðarhóli.

Ef halda skal í Þrengsli eða Lágaskarðsveg er skilið við vörðurnar sem liggja að Kolviðarhóli og síðan er Svínahraunsbruna fylgt spöl lengra suður og síðan er stefnt um slétt hraun að Litla-Reykjafelli og hjá húsi frá Orkuveitunni sem byggt hefur verið um þjóðbraut þvera og er heimreiðin þrýdd með bannskilti að öll umferð sé þar bönnuð. Er það nú viðeigandi á gamalli þjóðleið?

Áður en hraunin sem myndu Brunan runnu úr Nyrðri Eldborg um árið 1000 gæti þessi leið upp af Vötnunum hafa legið beint í Þrengsli eða Hveradalabrekkuna. Allavega hefur undirritaður fundið þar gamlar vörður austan við Brunan.

Jón Svanþórsson.